

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-80/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 20. september 2016 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á rafmagnsbifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst úrbóta.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 28. september 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi skilaði inn andsvörum sínum þann 3. október 2016. Þann 14. október voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bærust athugasemdirnar þann 22. október 2016. Seljanda voru sendar athugasemdir álitsbeiðanda þann 1. nóvember 2016 og honum bent á heimild til að hafa uppi frekari andsvör innan tveggja vikna. Seljandi skilaði inn frekari andsvörum þann 8. nóvember 2016. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti golfbifreið hjá seljanda þann 8. desember 2014 fyrir 790.000 krónur. Um rafmagnsbifreið er að ræða af gerðinni HiSun HSDGF. Bifreiðin komst ekki 18 holur í byrjun ágúst árið 2016 og stoppaði alveg þann 20 ágúst. Bifreiðin er nú hætt að ganga og telur seljandi rafgeyma bifreiðarinnar ónýta að sögn álitsbeiðanda en neitar að afhenda álitsbeiðanda nýja að hans sögn.

Álitsbeiðandi segir að við kaupin hafi hann óskað upplýsinga frá seljanda um hvernig ætti að hlaða bifreiðina á veturnar þegar hún er ekki í notkun en seljandi hafi ekki vitað það. Álitsbeiðandi kveðst þó hafa vitað svarið en vildi heyra viðbrögð seljanda. Bifreiðin hafði verið í umráðum seljanda frá því í apríl 2014 og þar til álitsbeiðandi festi kaup á henni, en slæmt er ef seljandi hefur aldrei hlaðið bifreiðina þann tíma sem hún var í hans umráðum. Bifreiðin hefur hins vegar að sögn álitsbeiðanda ávallt staðið inni í upphituðum bílskúr á veturna í sínum umráðum og geyrnir meðhöndlaðir á réttan hátt.

Krefst álitsbeiðandi þess að fá nýja rafgeyma afhenta þar sem bifreiðin eigi að vera í tveggja ára ábyrgð. Álitsbeiðandi hefur boðist til að greiða hluta af rafgeymunum sjálfur ef hann fær að velja en hefur ekki verið svarað af seljanda.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er tekið fram að rafgeymar séu vara þess eðlis að erfitt sé að ábyrgjast þá nema gegn verksmiðjugöllum sem sýna sig fljótlega eftir að hafið er að nota bifreiðina. Auðvelt er að skemma svona blý/sýru rafgeyma með því að láta þá tæmast og standa í daga eða vikur. Álitsbeiðandi hafði notað bifreiðina í meira en eitt og hálf ár áður en

hann varð var við bilun í geymunum sem seljandi telur sýna fram á að þeir hafi verið í lagi í byrjun. Seljandi hefur mælt geymana og komist að því að a.m.k. tveir þeirra séu ónýtir. Geymar í bifreiðina, sem passa þessari tegund, hafa ekki fundist hér á landi en seljandi kveðst hafa boðið álitsbeiðanda að panta geyma að utan og selja honum þá á um 25.000 krónur stykkið, samtals 100.000 krónur fyrir fjóra geyma á 50% afslætti. Ferlið muni taka um þrjár vikur. Það hafi álitsbeiðandi ekki samþykkt, en tilboðið stendur honum enn til boða.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda tekur álitsbeiðandi fram að bifreiðin hafi aðeins verið notuð í níu mánuði enda sé hún ekki notuð á veturnar. Þá segir hann það ekki rétt hjá seljanda að slíkir geymar fái ekki á landinu því hann hafi fundið slíka.

Seljandi bauð álitsbeiðanda ekki geyma á 100.000 krónur, eða 25.000 krónur stykkið, að sögn álitsbeiðanda, heldur fyrir 200.000 krónur. Álitsbeiðandi tekur fram að geymar bifreiðarinnar séu lokaðir geymar en ekki sýrueymar, þeir hafi aldrei tæmst og hafi ávallt verið rétt meðhöndlaðir. Þá kveðst álitsbeiðandi verða sáttur ef seljandi annað hvort greiði honum 100.000 krónur og álitsbeiðandi velji sjálfur geyma sem hann veit að séu í lagi eða að seljandi taki ábyrgð á þeim geymum sem þeir selja honum í tvö ár.

VI

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi rafmagns golfbifreið af gerðinni HiSun HSDGF hjá seljanda þann 8. desember 2014 fyrir 790.000 krónur. Einu ári og átta mánuðum síðar, í ágúst 2016, segir álitsbeiðandi að bifreiðin hafi hætt að virka og í ljós kom að hluti af rafgeymum bifreiðarinnar væru ónýtir. Álitsbeiðandi hefur krafist þess að seljandi afhendi sér nýja rafgeyma, sér að kostnaðarlausu eða að hann greiði hluta kostnaðarins sjálfur, með því skilyrði að nýju rafgeymarnir verði í tveggja ára ábyrgð. Seljandi hefur neitað að afhenda álitsbeiðanda nýja rafgeyma sér að kostnaðarlausu en hefur boðið honum 50% afslátt.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-liður 2. mgr. ákvæðisins. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir:

„Við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flýst yfir til neytanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar.

Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar. [...]“

Samkvæmt síðastgreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að bifreiðin hafi verið haldin galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Rafgeymar bifreiðarinnar biluðu um 20 mánuðum eftir kaupin og hvílir sönnunarbyrðin því á álitsbeiðanda um að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin. Ekki er hægt að fullyrða um það hversu lengi slíkir geymar eigi að endast og hlýtur endingartíminn að fara eftir aðstæðum hverju sinni, meðferð þeirra og notkun, en að sögn álitsbeiðanda hefur bifreiðin ávallt staðið inni og vel farið með bifreiðina og rafgeyma hennar.

Kærunefndin lítur svo á að endingartími umræddra rafgeyma sé heldur stuttur og að álitsbeiðandi hafi mátt búast við því að þeir myndu endast lengur. Hins vegar leið meira en eitt og hálf ár þar til umrædd bilun kom fram og er því ekki hægt að fullyrða að hana megi ekki rekja til meðferðar álitsbeiðanda, sbr. 1. mgr. 26. gr. nkpl. Er því ekki hægt að fallast á með álitsbeiðanda að bifreiðin hafi verið gölluð við afhendingu.

Með hliðsjón af því verður nefndin að hafna kröfu álitsbeiðanda um úrbætur sér að kostnaðarlausu. Nefndin álítur þó að seljandi skuli bera helming kostnaðar vegna kaupa á nýjum rafgeymum líkt og seljandi kveðst hafa boðið álitsbeiðanda. Verður að taka fram í því sambandi að seljandi ber ábyrgð á göllum sem upp geta komið á þeim geymum samkvæmt almennum reglum laga nr. 48/2003.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VII Álitsorð

Seljanda, Y, ber að greiða helming þess kostnaðar sem verður við kaup á nýjum rafgeymum fyrir rafknúna golfbifreið álitsbeiðanda, X, í samræmi við fyrirliggjandi tilboð seljanda.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson